

FRÁSÖGN

af níunda fundi sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins
í Strassborg 29. apríl 2015

Níundi fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins fór fram í Evrópuþinginu í Strassborg 29. apríl sl. Af hálfu Alþingis sóttu fundinn Birgir Ármannsson, starfandi formaður, Árni Páll Árnason, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Óttarr Proppé, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Bjarnason og Willum Þór Þórsson auk Stígs Stefánssonar, deildarstjóra alþjóðadeildar. Fyrir hönd Evrópuþingsins sátu fundinn þingmennirnir Jørn Dohrmann, formaður, Catherine Stihler, Julia Pitera, Rolandas Paksas, Angelika Mlinar, Mercedes Bresso, Daniel Dalton og Paul Rübig.

Fundinum stýrðu Jørn Dohrmann og Birgir Ármannsson. Helstu dagskrármál voru samskipti Íslands og ESB, viðbrögð við fjármálakreppu, ástandið í Úkraínu og samskiptin við Rússland, og fríverslunarviðræður ESB og Bandaríkjanna.

Að vanda var aðaldagskrárliður fundarins um samskipti Íslands og ESB og hófst hann með framsögu fulltrúa stofnana ESB. Indulis Abelis og Lawrence Meredith töluðu fyrir hönd ráðs og framkvæmdastjórnar ESB og lögðu í máli sínu áherslu á að ESB virti bréf íslenskra stjórnvalda frá 12. mars sl. þar sem fram kom að Ísland væri ekki lengur umsóknarríki að sambandinu og að verkferlum yrði breytt í samræmi við það. Bent var á að áður hefðu IPA-styrkir verið stöðvaðir og að lokun upplýsingaskrifstofu ESB í Reykjavík stæði fyrir dyrum. Þá væri framkvæmdastjórnin hætt að gefa út árlegar skýrslur um Ísland eins og önnur umsóknarríki. Birgir Ármannsson fór yfir fyrrnefnt bréf og stefnu íslenskra stjórnvalda gagnvart aðildarumsókn fyrri ríkisstjórnar að ESB. Jafnframt gerði hann grein fyrir Evrópustefnu stjórnvalda á sviði EES-samningsins. Kvað hann kappsmál að Ísland stæði sig betur í innleiðingu EES-gerða og fór yfir aðgerðir sem ætlað er að minnka svokallaðan innleiðingarhalla sem Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, mælir reglulega í EES/EFTA-rikkjunum. Árni Páll Árnason fór yfir bréf formanna stjórnarandstöðuflokkanna til stofnana ESB frá 17. mars sl. Lagði hann áherslu á að ályktun Alþingis frá 16. júlí 2009 stæði óhöggð og að ríkisstjórnin hefði ekki sótt heimild til þingsins til að draga umsóknina til baka. Staða umsóknarinnar væri því óbreytt og ný ríkisstjórn gæti tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið ef hún kysi svo eftir næstu kosningar. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir gerði grein fyrir stefnu VG gagnvart aðild að ESB en sagði málið svo stórt að þjóðin ætti að ráða því í þjóðaratkvæðagreiðslu. Spurði hún fulltrúa stofnana ESB hvernig sambandið mundi bregðast við ef ný ríkisstjórn vildi halda áfram viðræðum. Abelis og Meredith svöruðu því til að ekkert fordæmi væri til í málinu og ef sú staða kæmi upp að ný ríkisstjórn á Íslandi óskaði eftir að halda áfram aðildarviðræðum þá yrði það einfaldlega skoðað af hálfu ESB.

Nokkur umræða skapaðist um framtíðarfyrirkomulag samstarfs Alþingis og Evrópuþingsins. Birgir Ármannsson undirstrikaði að þingin hefðu átt reglubundið samstarf með árlegum samráðsfundum allt frá árinu 1987. Saga samstarfsins væri því mun lengri en næmi stofnun hinnar sameiginlegu þingmannanefndar Íslands og ESB árið 2010 en hún tengdist aðildarumsókn Íslands að ESB. Birgir sagði nauðsynlegt að skoða framtíðarskipan samstarfs Alþingis og Evrópuþingsins í því ljósi að Ísland væri ekki lengur umsóknarríki og að ef til vill þyrfti að breyta starfsreglum nefndarinnar til að endurspegla þann veruleika. Æskilegt væri að gera það fyrir næsta fund nefndarinnar. Árni Páll Árnason sagði stofnun sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og ESB hafa verið uppfærslu á samskiptum þinganna sem væri mikilvæg og vert að halda í óháð örlögum aðildarumsóknar Íslands.

Við umfjöllun um fjármálakreppuna fór Vilhjálmur Bjarnason yfir stöðu efnahagsmála á Íslandi. Sagði hann íslenska hagkerfið hafa náð fyrri stærð frá því fyrir hrun fjármálakerfisins

haustið 2008 og gerði grein fyrir verðbólgu, atvinnustigi, hagvaxtarhorfum, stöðu slitabúa gömlu bankanna og þeim áskorunum sem ríkisstjórnin á við að eiga þegar kemur að afnámi fjármagnshafta. Catherine Stihler fór m.a. yfir stöðu Grikklands og horfur á nýjum lánapakka til landsins.

Í umræðu um utanríkismál fjallaði Julia Pitera um tvær helstu áskoranir ESB, ástandið í Úkraínu annars vegar og flóttamannastrauminn yfir Miðjarðarhafið hins vegar. Minnti hún á skyldu ESB við Úkraínu enda hefði upphaf að núverandi stöðu verið mótmæli almennra borgara á Maidantorgi sem kröfðust lýðræðisumbóta og nánari tengingar við ESB. ESB styður stjórnvöld í Kíev með margvíslegum hætti og fríverslunarsamningur ESB og Úkraínu, sem vonast er til að verði lyftistöng fyrir þarlent efnahagslíf með markaðsaðgangi að ESB, tekur fullt gildi 1. janúar 2016. Pitera sagði nauðsynlegt fyrir úkraínsk stjórnvöld að uppræta spillingu og að nýjum stofnunum hefði verið komið á fót í því skyni. Loks fór Pitera yfir tölfræði flóttamanna sem komið hafa yfir Miðjarðarhafið til Ítalíu og benti á að þeim hefði fjölgað úr 13.000 árið 2013 í 170.000 árið 2014 og ekkert lát virtist vera á straumnum sem ESB-ríkin yrðu að taka sameiginlega á. Birgir Ármannsson gerði grein fyrir viðbrögðum íslenskra stjórnvalda við átökunum í Úkraínu og þátttöku í þvingunaraðgerðum ESB, og enn fremur sameiginlegum yfirlýsingum utanríkisráðherra Norðurlandanna um Úkraínu. Þá greindi Birgir frá þátttöku Landhelgisgæslunnar í verkefnum Frontex, landamæraflokkunar ESB, í Miðjarðarhafi þar sem varðskip hafa komið að björgun fjölda flóttamanna. Loks lagði hann áherslu á að eina varanlega lausnin á vandanum væri að stuðla að betra ástandi í upprunalöndum flóttamanna svo minni hvatar væru til að fara til Evrópu. Árni Páll Árnason sagði nauðsynlegt að koma á kvótakerfi Evrópuríkja varðandi móttöku flóttamanna til að deila byrðinni jafnt á milli ríkjanna og létta á móttökuríkjunum í suðri. Slík skipting mundi byggja á íbúatölu landa og stærð hagkerfis og Ísland ætti að vera þátttakandi í slíku kerfi. Óttarr Proppé gerði stuttlega grein fyrir vinnu við endurskoðun útlendingalaga á Íslandi sem m.a. taka til mála hælisleitenda. Jörn Dohrmann benti á að framlög til þróunarsamvinnu, sem ætti að bæta ástandið í upprunalöndum flóttamanna, væru afar misjöfn eftir ríkjum. Þannig verðu Noregur og Danmörk 1% og 0,8% af VLF til þróunarsamvinnu á meðan meðaltal ESB væri einungis 0,3%. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir benti á að VG hefði lagt til áframhaldandi þátttöku varðskipa í verkefnum Frontex í Miðjarðarhafi og áætlun um móttöku flóttamanna. Ísland hefði skýlt sér á bak við að vera ekki fyrsti viðkomustaður flóttamanna..

Loks var fjallað um yfirstandandi fríverslunarviðræður ESB og Bandaríkjanna (e. Transatlantic Trade and Investment Partnership, TTIP). Viðræður snúa að markaðsaðgangi og varða lækkun og niðurfellingu tolla, afnám viðskiptahindrana, upprunareglur, þjónustuviðskipti, fjárfestingar og opinber innkaup. EFTA hefur fylgst náið með viðræðunum enda mun TTIP hafa áhrif á EFTA-ríkin verði samningurinn að veruleika. Angelika Mlinar sagði TTIP mundu hafa mikil áhrif á þriðju ríki, einkum EES/EFTA-ríkin sem eru hluti af innri markaði ESB, enda mun mögulegt samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu regluverks og staðla hafa áhrif á regluverk innri markaðarins. Sagði hún framkvæmdastjórn ESB verða að hafa EES-samstarfið í huga við viðræður um TTIP. Vonaðist hún til að aukinn markaðsaðgangur og samkeppnishæfni sem leiddi af TTIP mundi einnig gagnast Íslandi og hinum EES/EFTA-ríkjunum. Árni Páll Árnason greindi frá heimsókn EFTA-þingmanna til Washington í apríl sl. þar sem þingmennirnir áttu viðræður við bandarísk stjórnvöld, stofnanir og hugveitur um TTIP. Ljóst væri að þau þriðju ríki, sem fyrir mestum áhrifum verða af TTIP, eru nánustu viðskiptaríki hvors samningsaðila fyrir sig, þ.e. Mexíkó og Kanada vestan Atlantsála og Ísland, Noregur, Liechtenstein, Sviss og Tyrkland Evrópumegin. Því hefði mikið verið fjallað um möguleika þessara ríkja til þess að tengjast samningnum með einhverjum hætti. Um slíka möguleika yrði þó ekki tekin ákvörðun fyrr en síðar í samningsferlinu á milli ESB og Bandaríkjanna.

Tíundi fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins er ráðgerður í Reykjavík vorið 2016.